

Ályktun DÍS um hunda sem haldnir eru í búri að staðaldri;

Samkvæmt reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra eru hundar skilgreindir sem gæludýr. Þegar hundar eru haldnir í búrum að staðaldri geta þeir ekki sýnt sitt eðlilega atferli eins og kveðið er á um í 1. grein laga um dýravelferð 55/2013.

DÍS telur ekki réttlætanlegt að halda hunda í búrum að staðaldri hvort sem er í atvinnuskyni eða ekki og telur að taka verði velferð og hagsmuni hundanna fram fyrir önnur sjónarmið.